

**Stjórn Sniglanna, bifhjólasamtaka lýðveldisins**

Skeljanesi
102 Reykjavík

Svar til stjórnar Sniglanna vegna vegriða

Yðar tilvísun: Tölvupóstur dags. 16. júlí 2025

Í tölvupósti dagsettum 16. júlí sl. er óskað skýrra svara frá Vegagerðinni almennt um vegrið. Pósturinn er sendur í kjölfar hörmulegs banaslyss á Miklubraut fyrir í þeim mánuði.

Vegagerðin fer samkvæmt eigin verklagi yfir aðstæður á slysstað og bregst við atriðum sem þarfnast tafarlauss viðbragðs. Vegagerðin þarf síðan líkt og aðrir að bíða eftir endanlegri niðurstöðu frá rannsóknarnefnd samgönguslysa um ástæður banaslyssins. Vegagerðin grípur þegar það liggur fyrir til aðgerða með hliðsjón af niðurstöðum nefndarinnar og ábendingum hennar, ef við á.

Til upplýsingar verður hér gerð stuttlega grein fyrir ástæðum þess að stuðst er við vegrið á vegakerfinu, mikilvægum atriðum um útfærslu þeirra og sértæk atriði sem snúa að bifhjólum.

Á árunum 2020-2024 urðu 42% banaslysa **og** slysa með miklum meiðslum á þjóðvegum Vegagerðarinnar í dreifbýli við útafakstur og 18% við framanákeyrslu. Ef eingöngu er horft til banaslysa á sama tímabili voru 44% vegna útafaksturs og 41% vegna framanákeyrsla.

Af þessum ástæðum eru aðgerðir sem snúa að bættu umhverfi vega og aðskilnaði akstursstefna gríðarlega mikilvægur þáttur í bættu umferðaröryggi. Svo sem framast er hægt þá er umhverfi vega bætt þannig að geri ökumaður mistök leiði það ekki til bana eða alvarlegra meiðsla. Þetta er gert með t.d. minni fláum, hreinsun vegsvæða o.s.frv. En einnig þarf að hyggja að öryggi þeirra óvörðu vegfarenda sem eru á ferð við hlið vegar. Þar sem ekki er unnt að tryggja öryggi umhverfis vegi á annan hátt þá er öryggi bætt með kantvegriðum:

- til þess að bæta öryggi vegfarenda sem aka út af vegi
- til þess að bæta öryggi vegfarenda sem eiga leið um nánasta umhverfi vega líkt og gangandi og hjólandi í þéttbýli

Aðskilnaður akstursstefna fer annað hvort fram með nægilega breiðum miðdeili þannig að ólíklegt er að komi til framanákeyrslu vegna umferðar sem kemur á móti eða þá með vegriði í miðdeilinum til þess að verja vegfarendur

Síða 1/3

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Gardabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

fyrir árekstri við ökutæki úr gagnstæðri átt. Á það jafnt við um ökumenn bifhjóla sem annarra ökutækja.

Umferðaröryggislegur ávinningur af notkun vegriða er óumdeildur en það er þekkt að vegrið getur torvelað þjónustu vega, valdið óþægindum og það sem verst er meiðslum við árekstur þar sem óvarðir vegfarendur líkt og ökumenn bifhjóla eru sérstaklega útsettir. Því er það ávallt fyrsti kostur að tryggja öryggi umhverfis vegi án vegriðs og er kantvegriðum því eingöngu komið fyrir þar sem þau eru talin nauðsynleg til þess að bæta öryggi.

Um vegrið gilda strangar kröfur um framleiðslu, hönnun, uppsetningu og prófanir. Vegrið sem framleidd eru í Evrópu skulu vera CE-vottuð samkvæmt viðeigandi EN-stöðlum sem taka tillit til styrkleikaflokks, virknibreiddar, slysaþættuflokks, snjósöfnunarflokks, skerpu brúna vegriðsstöða o.fl. Vegagerðin fylgir því ávallt alþjóðlega viðurkenndum stöðlum og samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðanda við uppsetningu vegriða.

Síða 2/3

Íslenskar veghönnunarreglur eru í endurskoðun en í stefnu um notkun þeirra segir að ef ekki er tekið á sértækum atriðum í íslenskum reglum skuli stuðst við norskar veghönnunarreglur. Í norskum reglum koma fram viðmið um notkun undirakstursvarna fyrir bifhjól. Þar segir að almennt skuli íhuga notkun undirakstursvarna við eftirfarandi aðstæður:

- a) Við nýbyggingu í beygjum með $R \leq 500$ m og hraða ≥ 70 km/klst.
- b) Við endurbyggingu í beygjum með $R \leq 200$ m og hraða ≥ 70 km/klst.

Jafnframt kemur fram að undirakstursvarnir skuli nota þar sem miklar líkur eru taldar á því að bifhjóli sé ekið inn í vegrið og þar sem þörf er á undirakstursvörnum skuli jafnframt velja vegrið sem eru ekki með hvassar brúnir né útskagandi íhluti. Vegagerðin stundar slysarannsóknir sem snúa m.a. að því að greina þá staði þar sem er sérstök hættu eða auknar líkur á slysum eru fyrir hendi.

Vegagerðin

Um mitt ár 2024 kom á markað vottuð lausn með undirakstursvörn fyrir algengustu bitavegrið á íslensku vegakerfi og verður uppsetning þeirra því skoðuð fyrir nýbyggingu og endurbyggingu miðað við norskar reglur og með tilliti til aðstæðna á hverjum stað, t.d. snjósöfnunar, afvötnunar og fleiri atriða sem þarf að hafa í huga til þess að bæta umferðaröryggi.

Í erindinu er vitnað í leiðbeiningar um umferðaröryggi, unnar í samstarfi Vegagerðarinnar og Sniglanna. Líklega er þar verið að vitna í handbókina „Bifhjól, vegrúnaður og umferðaröryggi“ sem var unnin sem rannsóknarverkefni árið 2012. Horft verður til handbókarinnar við endurskoðun Veghönnunarreglna og leiðbeininga um hönnun samgöngumannvirkja sem er einnig í gangi.

Stjórn Norræna vegasambandsins (NVF), sem íslenska Vegagerðin er virkur þátttakandi í, hefur lagt sérstaka áherslu á öryggi bifhjólafélks á núverandi starfstímabili (2024-2028) og falið nefnd um Umferðaröryggi að stofna undirnefnd til þess að fjalla sérstaklega um málefnið og leggja til bestu lausnir á meðal norrænna þjóða.

Vegagerðin og fulltrúar bifhjólasamtaka hafa átt í góðu samstarfi undanfarin ár og vonar Vegagerðin að það góða samstarf haldi áfram umferðaröryggi til bóta.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Arndís Ósk Arnalds, framkvæmdastjóri
mannvirkjasviðs

Síða 3/3